

Ed.

62. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 76, 28. nóv. 1919 [*Yfirsetukvennalög*].

Flutningsmenn: Guðmundur Guðfinnsson og Sigurjón Friðjónsson.

1. gr.

Auk launa þeirra, sem ákveðin eru í 1. gr. laga nr. 76, 28. nóv. 1919, fá yfirsetukonur dýrtíðaruppbót, er greiðist úr sýslusjóði, ríkissjóði og bæjarsjóði í sömu hlutföllum og hin föstu laun þeirra, en að öðru leyti eftir þeim reglum, sem gilda um dýrtíðaruppbót presta (sbr. 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919).

2. gr.

Lög þessi gilda frá 1. jan. 1921.

Greinargerð.

Þegar samin voru lög um laun yfirsetukvenna árið 1919, var þeim ekki trygð nein dýrtíðaruppbót, sem barnakennarar þá fengu með lögum s. á., eins og embættismenn og yfirleitt flestir starfsmenn ríkisins. Mun það hafa verið álit ýmsra þingmanna þá þegar, að of skamt væri gengið í þá átt að bæta hag yfirsetukvennanna; og óánægja varð strax með lögina meðal ljósmæðranna, sem ekki var ástæðulaust. Mun tæplega verða litið öðruvísi á en að rjettur og hagur þeirra hafi verið fyrir borð borinn, svo að hætta sje á, að erfitt verði að fá konur til þessa starfa eftirleiðis, ef launakjörin eru ekki bætt, og því mæli bæði sanngirni og hagsýni með því, að svo verði gert.